## Partners

DIIS
DANISH INSTITUTE FOR INTERNATIONAL STUDIES

UNIVERSITY OF ALBERTA

LULEÅ TEKNISKA UNIVERSITET

UNIVERSITY OF TURKU

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

SDU Climate Cluster

FRÓÐSKAPARSETUR FØROYA
University of the Faroe Islands

INDIANA UNIVERSITY

UNIVERSITAS BERGENSIS
UNIVERSITY OF BERGEN

OCEANS NORTH
KALAALLIT NUNAAT

University of Colorado Boulder

NordForsk

This project has received funding from the NordForsk Sustainable Development of the Arctic Programme. Grant Agreement No. 213038.

New Frontiers in Research Fund
Fonds Nouvelles frontières en recherche

We acknowledge the support of the Government of Canada's New Frontiers in Research Fund (NFRF), [NFRFJ-2024-00014].



# LostToClimate

Addressing Unavoidable Non-Economic Losses to Climate-Induced Events for Communities in the Arctic

## LostToClimate Research Project

Hlýnun jarðar á Norðurslóðum eykst hraðar en hnattræn hlýnun. Þrátt fyrir aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum grafa þessi áhrif undan velferð samfélaga á Norðurslóðum, bæði með efnahagslegum og óefnahagslegum hætti (t.d. með því að valda skaða á menningararfi og sálfélagslegri heilsu).

Á Íslandi beinum við sjónum að sauðfjárrækt og því óefnahagslega tjóni sem tengist áhrifum loftslagsbreytinga. Sauðfjárrækt er nátengd dreifbýlislandslagi og samfélögum í dreifbýli. Hún felur ekki aðeins í sér landbúnaðarframleiðslu heldur einnig árstíðabundna starfshætti, hefðir, tengsl við landið og tengsl milli kynslóða.



***Partner locations***
*Map compiled by Winfried K. Dallmann. Published with permission from the Norwegian Polar Institute*

***Sauðfjárrækt er meira en atvinnugrein. Hún tengist einnig landslagi, þekkingu, hefðum og lífsháttum í dreifbýli.***

Breytingar á hitastigi, úrkomu, snjóalögum, gróðri og tíðni öfgaveðurs-atburða geta haft áhrif á búskaparskilyrði á Íslandi.

Bændur geta orðið varir við þessar breytingar með beinum hætti, meðal annars í gegnum beitarskilyrði, umhirðu búfjár og aðgengi að landi. Jafnframt geta umhverfis- og samfélagsbreytingar til lengri tíma haft áhrif á hvernig sauðfjárrækt er stunduð og hvernig hlutverk hennar í dreifbýlis samfélögum þróast.

Sauðfjárrækt tengir saman kynslóðir með sameiginlegum hefðum, staðbundinni þekkingu og samfélagslegum viðburðum á borð við réttir. LostToClimate rannsakar þessar breytingar með áherslu á þau áhrif sem ekki er auðvelt að mæla eða meta í peningum.

## Samfélög á Norðurslóðum

LostToClimate er verkefni sem byggir á sameiginlegri þekkingarsköpun. Í því taka þátt þverfaglegur hópur vísindafólks og dreifbýl samfélög á Norðurslóðum í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Færeyjum, Íslandi, Grænlandi, Kanada og Bandaríkjunum, þar á meðal samfélög frumbyggja.

## Í verkefninu munum við varpa ljósi á fjórar rannsóknaspurningar:

- Hvaða tegundir óefnahagslegs tjóns eru líklegar til að verða vegna loftslagsbreytinga?
- Hvaða málamiðlanir eru samfélög tilbúin að sætta sig við?
- Hvaða gögn og þekking styðja réttlát viðbrögð?
- Hvaða viðbrögð við óefnahagslegu tjóni kjósa samfélög á Norðurslóðum?

## Tengiliður á Íslandi

Matthias Kokorsch
Verkefnastjóri Lost to Climate á Íslandi
Háskólasetri Vestfjarða
Netfang: Matthias [at] uw.is

www.losttoclimate.org

www.linkedin.com/company/losttoclimate-research-project

@losttoclimate.bsky.social